

Byrjendalæsi í Akurskóla

Í vetur tekur Akurskóli þátt í þróunarverkefni á vegum Skólaþróunarsviðs kennaradeildar Háskólans á Akureyri. Það kallast Byrjendalæsi og er markmiðið með því að þróa vinnubrögð í lestrarkennslu í 1. og 2. bekk með það fyrir augum að auka lestrarfærni nemenda. Lögð er áhersla á að nemendur læri að lesa út frá merkingarbærum textum þar sem jöfnum höndum verður lögð áhersla á talmál og reynslu barnanna og textavinnu, samband stafs og hljóðs, sundurgreinandi og samtengjandi aðferðir. Jafnframt er lögð áhersla á aukinn orðaforða, lesskilning og ritun. Vinnubrögðin kalla á samvinnu nemenda og hafa þeir mjög gaman af eins og sjá má á þessum myndum.

